



Félag áhugamanna um Bátasafn
Breiðafjarðar á Reykhólum

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 12-14
150 Reykjavík

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Bátasafn Breiðafjarðar (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum) fagnar fram kominni tillögu.

Frá því lög um menningarminjar, nr. 80/2012, voru sett hefur fjárhagslegur stuðningur við varðveislu og verndun skipa og báta verið um 2 milljónir á ári en á sama tíma hefur Húsafirðunarsjóður úthlutað um 200 milljónum árlega til viðhalds húsa og kirkna. Hér þarf að gera betur hvað báta- og skipavernd varðar.

Við teljum að stofnun sérstaks Batafirðunarsjóðs geti orðið til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Horfa má til þess hafa að fyrirmynd við stofnun slíks sjóðs, fyrirkomulag og uppbyggingu Húsafirðunarsjóðs og Minjaverndunar ehf. sem sameiginlega hafa lyft grettistaki á sviði húsaverndunar. Einnig eru frændur okkar á norðurlöndum með öflugt starf á þessu sviði og þangað má sækja fyrirmyndir. Einnig viljum við ítreka að mikilvægt er að gæta þess að gert sé ráð fyrir fjármagni í að styrkja og efla kennslu í báta- og skipasmíði.

Um Bátasafn Breiðafjarðar.

Félag var stofnað 31. ágúst 2006. Markmið félagsins eru:

- Safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmíða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, veita þekkingu í því fagi eftir föngum og, efla siglingakunnáttu og halda til hags vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.

Sumarið 2011 hófst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og æðarræktarfélagssins Æðarvéa, um rekstur sýningar sem fékk heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**. Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnst æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirsku laginu.

Félagið hefur staðið fyrir **Bátadögum** fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan tveggja ára er þeir féllu niður vegna veðurs. Bátadagarnir hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum. Bátadagarnir hafa því stuðlað að einskonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið.

Félagið hefur frá 2010 boði upp á **námskeið** í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Iðu fræðslusetur. Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð. Námskeið hafa einnig verið haldin á Siglufirði og Akureyri í samvinnu við sjóminjasöfn þar. Í tengslum við námskeiðin hefur félagið gefið út kennslubók með leiðbeiningum um smíði súðbyrðings.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna hér; <http://batasmidi.is/>

Kópavogi, 11. mars 2020

F.h. Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar


Hafliði Aðalsteinsson, formaður
haflidia@centrum.is